



Hreppsnefnd 8. mars 2001

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðhrepps fimmtudaginn 8. mars 2001 kl 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafpór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Ólafur Ármannsson, Ólafur Sigmarsson, oddvit, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson, einn var mættur frá A. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar. Oddviti bar upp breytingu á dagskrá, bættist inn 8. mál. Forkaupsréttur á Deildarfelli. Samþykkt samhljóða.

Síðan var gengið til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 22. feb. sl. Oddviti upplýsti samkomulag sem gert var við skólastjóra Tónlistaskóla Vopnafjarðar. Spurt var um sameiningu slökkviliða Vopnafj. Skeggjst. og Þórsh. og skýrði sveitarstjóri málið.

2. mál. Fundargerð menningamálanefndar frá 12. feb. sl. Lögð fram til kynningar.

3. mál. Björgunarsveitin vopnai, bréf dags. 18. feb. Þakkarbréf barst frá Björgunarsveitinn Vopna vegna stuðnings við sveitina á sl. ári.

4. mál. Framhaldsskólinn Laugum, bréf dags. 27. febr. sl. þar sem óskað eftir styrk til rununar sögu skólans. Styrkbeiðninni hafnað.

5. mál. Samningur við Tölvusmiðjuna ehf. dags. 1. mars sl.

6. mál. Lagður fram undirskriftalisti flestra barna Vopnafjarðarskóla, varðandi stærri félagsmiðstöðvar. Undirskriftalisti barnanna kynntur og sveitarstjóra falið að hafa samband við listhafnendur. Sveitarstjóri upplýsti að byrjað væri á verkefninu í Asuturborg sem ætlað er undir félagsmiðstöðina.

7. mál. Ýmsar fundargerðir og mál.

a) Fundargerð Hafnarsambands sveitarfélaga frá 6. febr.

b) Fundur sem ákveðinn var með forráðamönnum Siglingastofnunar, en gat ekki orðið af, er áætlaður fimmtudaginn 15. mars n.k.

8. mál. Forkaupsréttur á Deildarfelli og Borgum. Lagður var fram til kynningar kaupsamningur milli eiganda Deildarfells og væntanlegs kaupanda, en Vopnafjarðarhreppur hefur forkaupsrétt skv. lögum og þarf að afsala sér honum ef hreppurinn gengur ekki inn í kaupin. Samþykkt samhljóða af hafna forkaupsréttinum.

Fleira ekki tekið fyrir og þakkaði oddviti fundarmönnum góða fundarsetu og sleit síðan fundi.